

## **Hluthafafundur Skeljungs hf. – 27. maí 2019**

Ályktunartillögur fyrir hluthafafund félagsins.

### **1. Tillaga um fundarstjóra.**

Tilnefningarnefnd Skeljungs leggur til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri fundarins.

### **2. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins**

#### **a. Kaup félagsins á eigin hlutum.**

Með vísan til samþykktar aðalfundar, þann 26. mars sl., og 8. gr. samþykktta félagsins leggur stjórn félagsins til að eftirfarandi viðauki verði gerður við samþykktirnar:

**„Heimild félagsins til að kaupa eigin hluti, samþykkt á hluthafafundi þann 27. maí 2019.**

Hluthafafundur Skeljungs hf., haldinn þann 27. maí 2019, heimilar stjórn félagsins, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, að kaupa í eitt skipti eða oftar, fram að næsta aðalfundi, hlutabréf í félagini, á kaupverði sem má þó ekki fara yfir kr. 550.000.000,- að markaðsvirði, með þeim fyrirvara að það ásamt dótturfélögum þess megi einungis eiga mest 10% hlutafjár þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.“

Greinargerð stjórnar: Núverandi viðauki við samþykktirnar um endurkaup, frá hluthafafundi dags. 2. nóvember 2017, mun fjarlægður, þar sem hann er ekki lengur í gildi.

#### **b. Stjórnarkjör í ljósi kynjakvóta**

Stjórn leggur til eftirfarandi nýja 2. mgr. í 22. gr. samþykktanna:

„Tryggt skal við stjórnarkjör að hlutfall hvors kyns innan stjórnar verði ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs á hluthafafundi með þeim hætti að skilyrði um kynjahlutföll eru ekki uppfyllt skal vikið frá atkvæðamagni og skal stjórn teljast rétt kjörin eins og hér segir: Fyrstu fjögur sætin í stjórn félagsins skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fengu flest og næstflest atkvæði af hvoru kyni í stjórnarkjörinu. Fimmta sætið í stjórn félagsins skal skipa sá einstaklingur, karl eða kona, sem flest atkvæði fékk í stjórnarkjörinu af öðrum frambjóðendum. Sé ekki í frambóði nægar fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni til þess að uppfyllt verði skilyrði um kynjahlutföll í stjórn skal starfandi stjórn boða til nýs hluthafafundar, sem haldinn skal 4-5 vikum eftir fyrri fundinn, þar sem stjórnarkjör skal vera á dagskrá. Boða skal til frekari framhaldsfunda með sama hætti svo oft sem þörf krefur til þess að ná tilskildum fjölda frambóða og kjöri einstaklinga af hvoru kyni, en starfandi stjórn skal sitja áfram fram að því.“

## **Skeljungur hf. I Hluthafafundur 27. maí 2019**

**Greinargerð stjórnar:** Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 (hfl.) skal tryggt að hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Samkvæmt ákvæðinu og lögskýringargögnum með breytingarlögum nr. 13/2010 er gengið út frá því að í samþykktum verði kveðið nánar á um hvernig fara skuli með stjórnarkjör ef niðurstaða þess er ekki í samræmi við ákvæðið. Í stað þess að leggja til að stjórnarkjör verði endurtekið á hluthafafundi uns fullnægjandi niðurstaða fæst, að því gefnu að möguleiki sé á löglegri niðurstöðu kosninganna, gerir stjórn Skeljungs framangreinda tillögu. Er það mat stjórnar að tillagan sé til hagræðis fyrir hluthafa.

Rétt er að nefna að verði tillaga þessi samþykkt mun hún ekki, frekar en aðrar samþykktarbreytingar, taka gildi fyrr en hún hefur verið tilkynnt hlutafélagaskrá. Hún mun því ekki hafa gildi á hluthafafundi Skeljungs þann 28. maí, fari fram kosning stjórnar á þeim fundi.

### **c. Kosning annarra frambjóðenda en þeirra sem tilnefningarnefnd hefur tilnefnt**

Stjórn leggur til að núverandi 2. mgr. 22. gr. samþykktanna verði felld niður og að í hennar stað komi eftirfarandi ákvæði, sem 3. mgr. 22. gr. (sbr. lið b):

„Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.  
Þá skal kosið um þá eina, sem tilnefndir hafa verið til kjörsins.“

„Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef í framboði eru fleiri einstaklingar en kjósa skal. Einungis skal kosið á milli þeirra einstaklinga sem eru í framboði og skulu atkvæði sem greidd eru öðrum einstaklingum teljast með auðum atkvæðum.“

**Greinargerð stjórnar:** Breytingatillagan er gerð til þess að koma í veg fyrir þann misskilning að einungis sé hægt að kjósa þá einstaklinga sem tilnefndir hafa verið af tilnefningarnefnd.

### **d. Kringumstæður er leiða til stjórnarkjörs utan aðalfundar**

Stjórn leggur til undirstrikaða viðbót við 1. mgr. 22. gr. samþykktanna:

„Aðalfundur hluthafa kýs árlega fimm menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum. Hluthafafundur getur einnig kosið stjórnarmenn/-mann, hafi stjórnarmaður/-menn láttist, verið vikið eða hafi sagt af sér störfum. Hlutfall hvors kyns innan stjórnar skal ekki vera lægra en 40%.“

**Greinargerð stjórnar:** Í upptalninguna í ákvæðinu vantaði þann möguleika að stjórnarmanni eða -mönnum yrði vikið. Þá heimild er að finna í hlutafélagalögum, þannig að skortur á henni í samþykktunum hefur ekki þýðingu. Viðbót þessi er því einungis til skýringar.

## **3. Tillaga hluthafa um niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar**

Þann 23. apríl barst stjórn Skeljungs krafa frá 365 miðlum hf., sem fer með rétt fyrir 10,01% hlut í félaginu, þess efnis boðað yrði til hluthafafundar í félaginu, þar sem á dagskrá yrði niðurfelling umboðs núverandi stjórnar og nýtt stjórnarkjör. Krafan var sett fram í ljósi talsverðra breytinga í hluthafahópi félagsins, sem nýverið höfðu átt sér stað. Taldi hluthafinn rétt að umboð stjórnar yrði endurnýjað, þannig að stjórn félagsins gæti tekið þeim breytingum sem fælust í breyttri samsetningu á hluthafahópi félgsins.

**Greinargerð stjórnar:** Til þess að tryggja að umbeðinn hluthafafundur færí rétt fram óskaði stjórn Skeljungs eftir lögfræðiáliði frá Landslögum - lögfræðistofu um framkvæmd fundarins. Í álitinu kom fram

## **Skeljungur hf. I Hluthafafundur 27. maí 2019**

að til þess að stjórnarkjör gæti farið fram þyrti fyrst að fella niður umboð sitjandi stjórnar. Ákvörðun um niðurfellingu umboðs stjórnar væri tekin af hluthafafundi, sbr. 64. gr. hfl. Því er kröfu hluthafans stillt upp sem tveimur dagskráliðum; niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar annars vegar og stjórnarkjöri hins vegar. Dagskráliðurinn stjórnarkjör er þannig háður því að hluthafafundur samþykki niðurfellingu umboðs stjórnarinnar og verður einungis tekinn fyrir ef svo fer.

### **4. Tillaga tilnefningarnefndar að nýrri stjórn, verði umboð sitjandi stjórnar fellt niður (sbr. liður 3)**

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í aðalstjórn Skeljungs:

- a. Ata Maria Bærentsen
- b. Baldur Már Helgason
- c. Birna Ósk Einarsdóttir
- d. Jens Meinhard Rasmussen
- e. Kjartan Örn Sigurðsson

Greinargerð tilnefningarnefndar: Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar skal nefndin gera tillögu að stjórn í fundarboði til hluthafafundar. Þar sem störf nefndarinnar eru nú fyrst að hefjast, vegna þess hvernig hluthafafund þennan ber að, hefur nefndin eðli mál samkvæmt á þessum tímapunkti ekki upplýsingar um framboð annarra en sitjandi stjórnar. Sitjandi stjórnarmenn voru allir metnir hæfir, sem og stjórnin í sameiningu, fyrir nýafstaðinn aðalfund. Skammt er liðið frá því að það mat fór fram og ekki hafa orðið breytingar á högum stjórnarmanna eða rekstrarlegum fyrirætlunum Skeljungs frá þeim tíma. Á þessari stundu er það því tillaga nefndarinnar, til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt starfsreglum, að sitjandi stjórn verði kjörin.

Berist ný framboð til stjórnar áskilur tilnefningarnefnd sér hins vegar rétt til að gera breytingu á tillögu sinni allt þar til 10 dögum fyrir fund. Nefndin mun geta metið framboð sem berast í síðasta lagi kl. 16:00, mánudaginn 13. maí.

Greinargerð stjórnar: Fyrirtaka þessa dagskráliðar er háð því að hluthafafundur samþykki niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar, sbr. dagskráliður nr. 3.

Reykjavík, 3. maí 2019

Stjórn Skeljungs hf.